


Öryggisstefna



Öryggisstefna

Útgefandi

Isavia ohf.

Dagsetning

12. mars 2025

© 2024 Isavia ohf.

www.isavia.is / isavia@isavia.is

Efnisyfirlit

1 Tilgangur og umfang	4
2 Stefna og markmið	4
3 Annað	5

1 Tilgangur og umfang

Skilgreining stefnu Isavia í málum tengdum flugöryggi, gæði og vernd.

2 Stefna og markmið

Isavia vinnur markvisst að því að lágmarka áhættu í allri starfsemi sinni að ásættanlegu marki og leggur flugöryggi og vernd til grundvallar allri starfsemi fyrirtækisins.

Meginmarkmið Isavia er að minnka áhættu á slysum, atvikum og öðrum atburðum sem gætu haft áhrif á flugöryggi eða vernd. Enn fremur vill Isavia tryggja, að aðrir aðilar, fyrirtæki og stofnanir sem tengjast rekstri og þjónustu félagsins, samræmi sig þessu markmiði.

Starfsfólk Isavia allt frá forstjóra og eftir öllu stjórnskipulaginu er einhuga um að:


- Starfsemin uppfylli alla staðla og gildandi kröfur.
- Nægjanlegt fé, starfsfólk, þekking og búnaður sé fyrir hendi til að framfylgja öryggisstefnunni.
- Vinna kerfisbundið með skýrum, fyrirbyggjandi og skjalfestum hætti að öryggis- og verndarmálum.
- Ábyrgð starfsmanna og starfsskyldur séu skilgreindar og uppfylltar.
- Starfsmenn séu hæfir og hafi þá reynslu, þekkingu og þjálfun sem nauðsynleg er fyrir öryggi, gæði og vernd þjónustunnar.
- Öryggisbragur styðji markmið öryggisstefnu og sé ríkur þáttur í starfi allra og stöðugt sé unnið að umbóta- og forvarnaverkefnum tengdum flugöryggi.
- Starfrækja öryggistilkynningakerfi og virka atvikaskráningu, rannsókn atvika, úrvinnslu og eftirfylgni í þeim tilgangi að bæta öryggi og vernd.
- Verklagsreglur um öryggis- og atvikatilkynningar séu til staðar, aðgengilegar öllu starfsfólki og í samræmi við kröfur viðkomandi starfsemi og starfseininga.
- Búnaður, mannauður, byggingar og rekstrargögn þjónustunnar séu vernduð fyrir óviðkomandi og ólögætum afskiptum.
- Starfsfólk sé upplýst um reglur fyrirtækisins um óásættanlegt atferli (áhrif geðvirkra efna og/eða ásetningsbrot) og að félagið tryggi réttláta málsmeðferð innan marka laga og reglna við úrvinnslu mála (e. just culture principles).
- Svið félagsins sem tengjast þjónustu við flug setji sér viðeigandi [...] viðmið og mælikvarða til að mæla frammistöðu öryggis, gæði og verndar.

3 Annað

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innra neti félagsins. Hún skal rýnd árlega til að tryggja gildi hennar. [...] Fyrirsvarsmaður starfsleyfis ber ábyrgð á framfylgd hennar.

Anna Björk Bjarnadóttir

Framkvæmdastjóri þjónustu og reksturs og fyrirsvarsmaður starfsleyfis



KEF